

Selfossi, 25. nóvember 2002

98. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn mánudaginn 25. nóvember 2002, kl. 10:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Ólafur Áki Ragnarsson, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tr. Ólafsson, umhverfisfulltrúi.

Dagskrá:

1. Framtíðarverkefni og hlutverk Sorpstöðvar Suðurlands.

Lögð fram niðurstaða nefndar um hlutverk og verkefni SASS sem fjallað verður um á væntanlegum aukafundi samtakanna sem haldinn verður 27. nóvember nk.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

“ Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands samþykkir að kanna möguleika á samruna eða auknu samstarfi við fyrirtæki sem starfa á sviði flokkunar, söfnunar og förgunar úrgangs. Einnig verði kannaður grundvöllur þess að taka fleiri verkefni að sér fyrir sveitarfélögin, svo sem rekstur gámasvæða og útboð sorphirðu. Fyrst verði leitað til hliðstæðra fyrirtækja á Suðurlandi og Suðurnesjum.

Markmið með slíkri stækkun fyrirtækisins er að auka færni þess til þess að takast á við sífellt auknar kröfur sem gerðar eru í umhverfismálum. Einnig að auka hagræðingu og bæta þjónustu. Stærra og öflugra fyrirtæki getur haft yfir meiri sérþekkingu að ráða til að sinna þróunarstarfi”

2. Fyrirkomulag starfseminnar í Kirkjuferjuháleigu.

Rætt um ágreining Sorpstöðvarinnar og Sveitarfélagsins Ölfuss um deiliskipulag svæðisins.

Samþykkt að óska eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins um málið.

3. Flokkun og söfnun á pappír.

Guðmundur Tryggvi kynnti hugmyndir um átak í söfnun pappírs. Kostnaður áætlaður kr. 150.000.

Samþykkt að hrinda átakanu í framkvæmd.

4. Önnur mál.

- a) Ágúst Ingi greindi frá fyrirætlunum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu um kynningu og fræðslu.

Samþykkt að fela Guðmundi Tryggva að aðstoða við verkefnið.

- b) Guðmundur Tryggvi gerði grein fyrir hugmyndum um endurnýtingu/endurvinnslu á pappír og pappa sem undirburð fyrir skepnur.

Samþykkt að vinna áfram að málinu.

Fundi slitið kl. 11:50

Einar Njálsson
Þorvarður Hjaltason

Ágúst Ingi Ólafsson
Guðmundur Tr. Ólafsson

Ólafur Ragnarsson